

# Á þessum lista er að finna fjölbreyttar leiðir til að efla samskipti leikskólastarfsfólks og foreldra sem tala ekki íslensku eða annað það tungumál sem gagnast báðum aðilum til samskipta.

---

- **Túlkajónusta:**
  - Pantu túlk fyrir viðtöl. Upplýsingar um túlkajónustu og hvar má panta túlk er að finna á slóðinni: [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-66/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-66/) Gott er að hitta túlkinn stuttlega áður en viðtalið fer fram til þess að fara yfir helstu atriði þess og gefa túlkinum tækifæri til að undirbúa sig.
  - Pantu símatúlk. Ef koma þarf stuttum skilaboðum til foreldra er hægt að panta símatúlk en slík þjónusta kostar minna en að fá túlk á staðinn. Sjá nánar á slóðinni: [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-66/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-66/)
  - Ef verið er að taka á móti eldri börnum sem eru orðin vel talandi á móðurmáli en eru að koma ný inn í íslenskt málumhverfi, er hægt að nýta úthlutað fjármagn v. barna af erlendum uppruna til að fá túlk fyrir barnið í nokkur skipti.
- **Auðveldari samskipti með hjálp þeirra sem tala sama tungumál og foreldrar**
  - Útbúa lista yfir þau tungumál sem allir starfsmenn leikskólans tala og skoða hvort hægt er að nýta þau tungumál í samskiptum við foreldra.
  - Fá upplýsingar (símanúmer) hjá foreldrum um fjölskyldumeðlim, vin, eða einhvern sem talar íslensku og hægt er að hringja í ef eitthvað kemur uppá.
  - Foreldranet. eru foreldrar í foreldrahópnum sem tala sama tungumál og nýju foreldranir og eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að auðvelda nýja foreldrinu að kynnast leikskólanum? (Hér er alls ekki átt við túlkun viðtöl eða annað sem brýtur gegn trúnaði og persónuvernd).
- **Samskiptabækur/myndræn skilaboð**
  - Nýta myndrænu orðabókina Ljáðu mér orð. Hægt er að skipta út öllum myndum og setja nýjar myndir í staðinn, bæði af barninu sem á bókina og þeim fjölbreyttu aðstæðum sem eru í leikskólanum ykkar. Myndrænu orðabókina er hægt að nálgast á slóðinni: [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-51/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-51/) og á [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) forsiðu.
  - Samskiptabók. Ef foreldrar eru í samskiptum við einhvern sem talar og les íslensku er hægt að vera með samskiptabók þar sem stutt skilaboð til og frá leikskóla eru skrifuð á íslensku og foreldrar geta fengið aðstoð við að þýða yfir á sitt tungumál. Samskiptabók af þessu tagi getur líka verið í myndrænu formi þar sem settar eru inn myndir af barninu í leikskólanum og myndir frá foreldrum.
  - Nota ljósmyndir og stutt myndbönd til að sýna foreldrum hvernig unnið er í leikskólanum eða annað. Dæmi um það eru myndir til að sýna hvað vantar í tösku barnsins, myndrænt dagskipulag, myndræn námskrá, hefðir og hátíðir ofl. Á fjölmenningsarvefnum er t.d. að finna bækling um útiveru með myndum af því hvað á að vera í töskunni og litla bók um íslenskar hefðir og hátíðir (Hátíðabókin) s.s. eins og bolludag, öskudag ofl. á slóðinni [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-743/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-743/)

- **Orðalistar, skilaboðabankar, þýðingavélar ofl.**

- Orðalistar eru á heimasíðu Leikskólasviðs/Nýir Íslendingar á 10 tungumálum. Á þeim er að finna öll helstu leikskólaorðin en gott væri að fá frá ykkur ábendingar ef þið teljið einhver orð vanta sem mættu vera þar. Orðalistarnir eru á slóðinni: [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2326/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2326/)
- Skilaboðabanka á milli heimilis og skóla er að finna á heimasíðu Leikskólasviðs. Það eru skilaboð og eyðublöð um ofnæmi, vettvangsferðir, myndatöku, sumarleyfi, foreldraviðtal, foreldrafund, foreldraviðtal, skipulagsdag ofl. á 7-10 tungumálum. Slóðin á skilaboðabankann er: [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2327/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2327/)
- Í fyrra voru prentuð veggspjöld með VELKOMIN kveðjum á tíu algengustu tungumálunum sem töluð eru í leikskólunum. Enn eru til nokkur veggspjöld og hægt að panta þau hjá undirritaðri. Rétt er að benda á að líka er hægt að prenta veggspjöldin út á fjölmenningsvefnum í A4 og A3 á slóðinni: <http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx/tabid-2712/>
- Þýðingavél Google, <http://translate.google.com> er hægt að nýta til að þýða stutt skilaboð og orðsendingar. Gott getur verið að þýða fyrst yfir á ensku og þaðan yfir á íslensku því meira er til af orðum á ensku á þýðingavélinni. Gott getur verið að útskýra fyrir foreldrum í viðtali með túlki að hægt sé að nýta þýðingavélina þótt hún sé ekki fullkomin heldur fyrst og fremst tæki bæði fyrir foreldra og leikskóla til aðkoma skilaboðum á framfæri. Undir textann er síðan hægt að setja þessa mynd:



en þá vita foreldrar hvaðan þýðingin kemur:

- Á vefnum Fjölsvaka er búið að taka saman yfirlit yfir helstu þýðingar sem til eru hjá þeim sviðum og stofnunum sem þjónusta börn og fjölskyldur þeirra. Slóðin er [www.fjolvaki.mcc.is](http://www.fjolvaki.mcc.is)
- Á síðu Fjölmenningsseturs <http://www.mcc.is/> er að finna fjölbreyttar upplýsingar fyrir foreldra. Hægt er að benda foreldrum á að þangað er hægt að hringja í símatímum á ólíkum tungumálum til að fá upplýsingar um ýmislegt er viðkemur íslensku samfélagi.

- **Annað**

- Á fjölmenningsvefnum [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) er að finna ótal hugmyndir og lausnir að vinnu með fjölbreyttan barna og foreldrahóp.

Með kveðju  
Fríða B. Jónsdóttir  
Verkefnastjóri í fjölmenningu hjá Leikskólasviði  
[frida.b.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:frida.b.jonsdottir@reykjavik.is)